

FJÖLSMIÐJAN

Á SUÐURNESJUM

Fjölsmiðjan á Suðurnesjum ses.

Ársskýrsla 2018

VIRKNI

VIRÐING

VON

Inngangur

Stofnað var til Fjölsmiðjunnar á Suðurnesjum ses. á stofnfundi í Reykjanesbæ 7. september 2010. Stofnaðilar voru Rauði kross Íslands, Reykjanesbær, Vinnumálastofnun, Suðurnesjadeild Rauða krossins, Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis, Verslunarmannafélag Suðurnesja og Félag iðn- og tæknigreina. Í þessari skýrslu er gert grein fyrir rekstri sjálfseignastofnunarinnar á árinu 2018.

Markmið og tilgangur

Markmið Fjölsmiðjunnar á Suðurnesjum eru skilgreind í skipulagsskrá hennar en þar kemur eftirfarandi fram:

Markmið Fjölsmiðjunnar er að:

- *Hjálpa ungu fólki á aldrinum 16-24 ára að finna sitt áhugasvið, öðlast starfsreynslu og þar með auka möguleika þess í atvinnulífinu eða í námi.*
- *Gefa kost á hagnýtri vinnu, framleiðslu og fræðilegri þjálfun. Fagleg verkþjálfun skal vera ríkur þáttur í starfseminni og tengjast hinni hagnýtu vinnu og auka félagshæfni og vinnufærni ungs fólks.*
- *Efla sjálfstraust hjá ungu fólki til að það sé betur í stakk búið að takast á við margbreytileg verkefni lífsins.*
- *Auka lífsgæði ungs fólks.*
- *Þátttaka í Fjölsmiðjunni verði hvatning að frekara námi.*
- *Þátttakendur læri reglur vinnumarkaðarins, hvaða réttindi þeim ber og hvaða skyldur þeir bera.*

Stjórn, framkvæmdaráð og starfsmenn

Í stjórn Fjölsmiðjunnar frá ársfundi 2018 voru

- Guðrún Björg Sigurðardóttir, formaður
- Hera Ósk Einarsdóttir, formaður
- Hildur Jakobína Gísladóttir, meðstjórnandi
- Kristján Ásmundsson, meðstjórnandi
- Guðbjörg Kristmundsdóttir, meðstjórnandi
- Eyrún Antonsdóttir, meðstjórnandi
- María Gunnarsdóttir, varamaður
- Una Kristófersdóttir, varamaður
- Guðlaug M. Pálsdóttir, varamaður
- Gissur Pétursson, varamaður
- Ólafur S. Magnússon, varamaður
- Fanney Grétarsdóttir, varamaður

Stjórn skipar framkvæmdaráð sem starfar með forstöðumanni og fundar á milli funda stjórnar. Guðrún Björg Sigurðardóttir, Hera Ósk Einarsdóttir og Hildur Jakobína Gísladóttir skipuðu framkvæmdaráð Fjölsmiðjunnar.

Í lok árs 2018 voru starfsmenn Fjölsmiðjunnar á Suðurnesjum eftirtaldir:

- Þorvarður Guðmundsson, forstöðumaður í 100% starfi
- Sigurgeir G. Tómasson, verkstjóri í 100% starfi
- Svava Guðrún Hólmbergsdóttir, verkstjóri í 100% starfi (í veikindaleyfi)
- Carter Don Medico, aðstoðarverkstjóri í 100% starfi

Regluleg starfsemi

Stærsti verkþáttur eða verkstæði Fjölsmiðjunnar er rekstur Kompunnar nytjamarkaðar. Það eru ófá handtök sem felast í því að koma þeim vörum sem okkur berast til að þær séu söluhæfar. Í kringum þessi störf skapast mikil og góð vinnuþjálfun og reynist afgreiðsla í Kompunni nemunum þrýðis þjálfun og áskorun fyrir þá sem glíma við félagskvíða.

Rekstur sendibíls er líka mikilvægur verkþáttur og má bíllinn helst ekki bila eða stoppa. Líkt og með störfin í Kompunni er vinnan á sendibílnum mjög góð vinnuþjálfun. Starfsmennirnir þurfa að mæta viðskiptavinum í alls kyns aðstæðum og leysa úr því sem upp á kemur á kurteisan og góðan hátt. Starfsmenn á sendibíl ásamt öllum þeim sem hægt er að senda úr húsi sinna búslóðaflutningum fyrir almenning og félagsþjónustur sveitarfélaganna og var mikið að gera á þeim vettvangi sl. haust og skapaði það þarfar tekjur.

Í kjölfar stefnumótunarfundarins var ákveðið að leggja áherslu á að endurgera húsgögn og gefa þeim nýtt útlit áður en þau fara í sölu í Kompunni. Þetta er mjög gott verkefni og njótum við þess að hafa málameistara að störfum sem bæði kennir aðferðirnar og hefur gæðamat með höndum. Unnið er að því að gera aðstöðu fyrir þetta verkefni betri og skilvirkari.


Raftæki berast Kompunni í stórum stíl. Starfsfólk Fjölsmiðjunnar hefur enn frekar en áður leitast við að lagfæra biluð raftæki og koma þeim þannig í söluvænlegt horf. Nokkrir nemar hafa haft mikla þekkingu og reynslu á þessu sviði og það hefur nýst mjög vel í þessari deild.

Mötuneyti fyrir starfsfólk var starfrækt eins og undanfarin ár. Jafnt og þétt vinnum við að því að gera aðstöðuna betri og líkari því sem hún þarf að vera í mötuneytum. Enn er lögð áhersla á hagkvæmni í innkaupum og á fjölbreyttan og staðgóðan mat. Við leggjum sérstaklega áherslu á að hafa mikið úrval af hollum morgunmat og vinnum gegn matarsóun með því að hafa hlaðborð úr afgangum einu sinni í viku.




Nemar


Alls voru 28 nemar í Fjölsmiðjunni á árinu. Kynjaskiptingin var 9 stelpur og 19 strákar. Myndin hér að neðan sýnir kynjahlutfallið á árinu 2018.



Myndin hér að neðan sýnir hver afdrif þeirra nema urðu sem útskrifuðust úr Fjölsmiðjunni eða hættu af einhverjum orsökum.




Eins og sjá má á myndinni hættu flestir nemar á árinu vegna þess að úrræðið hentaði þeim ekki. Þar liggja að baki jafnmargar ástæður og nemarnir eru margir. Helst má telja að staða þessara nema var veikari en talið var í upphafi og þau því ekki vinnufær. Næst flestir útskrifast til vinnu og vinnur forstöðumaður í atvinnuleit með þeim nemum sem þess óska og eru tilbúin fyrir almennan vinnumarkað. Þrír nemar fóru í annað úrræði eins og í meðferð á viðeigandi stofnun og í annað úrræði sem þótti henta betur.




Skipting nema

Skipting nema milli samstarfsaðila var þannig að 11 komu frá Reykjanesbæ, 11 komu frá Vinnumálastofnun, 2 komu frá Sandgerði, 3 komu úr Garðinum og 1 kom úr Vogunum.



Þegar tekið er saman heildarfjöldi mánaða í vinnu hjá nemunum er skiptingin þessi:



Sú breyting hefur orðið á að færri nemum er vísað til Fjölsmiðjunnar og dvelja þeir lengur en áður. Þessu ræður að einhverju leyti atvinnuástandið á svæðinu. Þá tala ráðgjafar félagsþjónustu og Vinnumálastofnunar um breyttan hóp hjá sér sem er þyngri en áður og speglast það í tilvísunum í Fjölsmiðjuna. Að öllu jöfnu er tekið á móti öllum þeim sem vísað er til okkar og reynt að verða við þörfum og beiðnum ráðgjafanna eins fljótt og auðið er. Gott samstarf er á milli forstöðumanns og ráðgjafanna sem sinna tilvísunum til okkar.

Sjálfbóðaliðar og einstaklingar í starfsþjálfun

Aukin þörf er fyrir að mæta þeim sem ekki passa í hefðbundin úrræði sem eru í boði. Af þessu hlýst að fjöldi sjálfbóðaliða hefur aukist á milli ára. Þetta er oftast fólk með vinnureynslu sem ekki er hæft til að vera á almennum vinnumarkaði um stund. Það gildir það sama fyrir sjálfbóðaliðana og aðra nema að unnið er að sjálfsuppyggingu með áherslu á virkni og vellíðan. Þessir sjálfbóðaliðar hafa komið frá Reykjanesbæ, Vinnumálastofnun og frá VIRK sem í desember hóf undirbúning að því að senda okkur fólk í vinnuþrófun og til endurhæfingar.

Fræðslustarf

Þrír nemar stunduðu nám við Fjölbautaskóla Suðurnesja á vorönn og fjórir nemar á haustönn meðfram vinnu í Fjölsmiðjunni og er samstarf við FS mjög gott.

Þar að auki höfum við fengið góða gesti með fræðslu og má þar nefna að Ástþór Óðinn Ólafsson heimsótti okkur og fjallaði um sína reynslu með áherslu á seiglu sem hann hefur kynnt sér mjög vel. Ástþór náði alveg einstaklega vel til nemanna.



Markþjálfun

Forstöðumaður lýkur innan skamms framhaldsnámi í markþjálfun og undirbýr nú alþjóðlega vottun á þeim vettvangi. Nemum Fjölsmiðjunnar býðst að fá markþjálfun og nýta þau mörg sér það eftir föngum. Sjáanlegur árangur er á þeim sem hafa sótt markþjálfun hvað varðar markmiðasetningu og þá stefnu sem þau setja á líf sitt.



Stefnumótunarfundur

Fimmtudaginn 12. apríl var haldinn stefnumótunarfundur að frumkvæði Fjölsmiðjunnar á Suðurnesjum.

Fundarfyrirkomulagið byggði á sömu hugmyndafræði og notuð var á Þjóðfundi 2009 og 2010 en vinnan gekk út á að ljúka afurð með stefnumótandi niðurstöðum. Unnið var á 6-7 manna borðum og á hverju borði var borðstjóri. Verkefni hans var að sjá til þess að allir við borðið fengju jöfn tækifæri til að tjá sig og að tryggja virka hlustun þannig að öll sjónarmið kæmst að. Þátttakendur voru 41 talsins úr eftirfarandi hópum:

- ✓ Starfsmenn og stjórn Fjölsmiðjunnar
- ✓ Núverandi og fyrrverandi nemar Fjölsmiðjunnar
- ✓ Foreldrar nema Fjölsmiðjunnar
- ✓ Fulltrúi Vinnumálastofnunar
- ✓ Fulltrúar Miðstöðvar Símenntunar á Suðurnesjum
- ✓ Fulltrúar Rauða kross Íslands
- ✓ Fulltrúi Félags iðn- og tæknigreina (FIT)
- ✓ Fulltrúi Fjölbrautaskóla Suðurnesja
- ✓ Fulltrúi Barnaverndarnefndar Reykjanesbæjar
- ✓ Fulltrúi Velferðarráðs Reykjanesbæjar
- ✓ Fulltrúi Vinnumálaráðs Suðurnesja
- ✓ Fulltrúi Barnaverndarnefndar Reykjanesbæjar
- ✓ Fulltrúar Sandgerðisbæjar
- ✓ Fulltrúar Reykjanesbæjar
- ✓ Fulltrúi Bjargarinnar – Geðræktarmiðstöðvar Reykjanesbæjar

Markmiðið með fundinum var að fara yfir málefni Fjölsmiðjunnar með sérstakri áherslu á framtíðarsýn til næstu ára og gildi. Ekki var krafist sérstaks undirbúnings.

Spurningarnar sem fundarmenn glímdu við voru eftirfarandi:

1. Hvað er það besta við Fjölsmiðjuna?

Dæmi um svör:

- *Uppbyggileg/mannbætandi*
- *Gott náms- og starfsúrræði*
- *Hjálpar ungu fólki að fóta sig*
- *Virðing fyrir ólíkum þörfum og mismunandi skoðunum*
- *Ungt fólk er að vinna og fær sjálfstraust til að fara út á vinnumarkað*
- *Umhyggja fyrir einstaklingsþörfum og margbreytileikanum*
- *Það að finnast maður vera hluti af einhverju samfélagi og tilheyra*

2. Hvar sjáum við Fjölsmiðjuna árið 2023? Að hverju ætti að stefna og hvernig komumst við þangað?

Dæmi um svör:

- *Meiri tenging við atvinnulífið*
- *Tryggja fjárhagslegan grundvöll til framtíðar*
- *Aukin fræðsla og sálfræðingur í fullt starf*
- *Fá viðurkenningu varðandi menntun í gegnum Menntamálaráðuneytið*
- *Orðin stærri og fjölbreyttari tækifæri í boði – fleiri sem geta leitað þangað*

- *Búa til netverslun*
- *Nýta háskólanema sem stunda viðeigandi nám og þurfa að skila ákveðnum vinnutíma vegna síns náms*

3. Hver eru gildin okkar? Fyrir hvað stöndum við?

4. Hvernig getum við útfært gildin?

Þessum spurningum eru gerð skil á öðrum stað í þessari ársskýrslu

5. Hugmyndir að nýjum verkefnum: Hvað væri hægt að vinna á staðnum?

Dæmi um svör:

- *Hundapössun – taka að sér að viðra hunda*
- *Smíðadeild: taka í sundur ónothæf húsgögn og endurnýja í eitthvað nýtt*
- *Gera mósaík-listaverk úr brotnum leir(diskum) og gleri (glösum)*
- *Viðgerðir á raftækjum undir leiðsögn fagmanna (eldri borgara)*
- *Aðstoða eldri borgara/sjúka við að versla o.fl.*
- *Bílaþvottur/gera við bíla*
- *Auglýsingar seldar í netverslun (Isavía, Bláa lónið o.fl)*
- *Fatamarkaður: selja barnaföt fyrir aðra og fá prósentur af sölu*
- *Búa til borðspil til að selja á leikskóla. Fara þangað og spila við krakkana nokkra klukkutíma á dag*
- *Kenna bilanagreiningu á raftækjum*
- *Skapandi smíðjur – nýta fjölbreyttan efnivið*
- *Lítið smíðaverkstæði þar sem hægt væri að gera upp hluti*
- *Keyra út vörur fyrir eldri borgara*
- *Pökkunarþjónusta fyrir fyrirtæki*

Ingrid Kuhlman frá Þekkingarmiðlun ehf. sá um fundarstjórn, þjálfun borðstjóra og undirbúning fundarins ásamt því að rita skýrslu.



VIRKNI – VIRÐING – VON

Í kjölfar stefnumótunarfundarins ákvað stjórn Fjölsmiðjunnar ný einkunnarorð og voru það þau orð sem hvað oftast voru nefnd á stefnumótunarfundinum. Fyrir valinu urðu orðin VIRKNI – VIRÐING – VON

Virgni felur m.a. í sér:

- Við mætum stundvíslega
- Við tökum þátt
- Við vinnum
- Við vöknum
- Við tökum ábyrgð
- Við förum út fyrir þægindarammann
- Við erum jákvæð
- Við sýnum frumkvæði
- Virgni er vellíðan
- Virgni er reglusemi
- Virgni er hugrekki
- Virgni er leið að markmiði
- Virgni hefur áhrif á andlega líðan

Virðing felur m.a. í sér:

- Við mætum stundvíslega
- Við sýnum viðskiptavinum kurteisi
- Við sýnum starfsfólki kurteisi
- Við göngum vel um húsnæðið
- Við þökkum fyrir
- Við berum virðingu fyrir skoðunum og þörfum annarra
- Til tilkynnum yfirmanni um fjarveru
- Við berum virðingu fyrir okkur sjálfum
- Við berum virðingu fyrir umhverfinu
- Við berum virðingu fyrir verðmunum
- Við berum virðingu fyrir vinnustaðnum
- Við berum virðingu fyrir tilfinningum og líðan annarra
- Við berum virðingu fyrir fjölbreytileikanum og því sem er öðruvísi

Von felur m.a. í sér:

- Við sýnum styrk
- Við lifum drauminn
- Við höfum væntingar
- Við eigum nýtt upphaf
- Við gerum breytingar
- Við lítum til framtíðar
- Við hlökkum til
- Við tökum ákvarðanir
- Við gefumst ekki upp
- Við höfum vilja
- Við lærum af mistökum
- Við höfum gaman
- Við fáum annað tækifæri

Viðburðir utan hefðbundinna starfa

Starfsemi Fjölsmiðjunnar á Suðurnesjum er að mestu í föstum skorðum. Unnið er frá mánudegi til föstudags og er vinnutími nemanna frá kl. 08:30 til kl. 15:00 nema á föstudögum þegar hætt er kl. 14:00. Þá býðst nemum að vinna lengur á fimmtudögum þegar opnunartími Kompannar er lengri en aðra daga. Vinna fer fram alla virka daga ársins utan nokkurra daga í kringum jólahátíðina. Síðastliðin sumur hefur Fjölsmiðjan verið opin allt sumarið og kemur það mjög vel út. Við drögum aðeins úr starfseminni meðan nemarnir taka sín sumarfrí. Á sama tíma eru verkstjórnarnir einnig í sínum sumarfríum. Þrátt fyrir þessa festu í starfseminni var starfið brotið upp nokkrum sinnum á árinu og má í því sambandi minnst á í lok október fórum við í bogfimi og í Rush trampolíngarðinn í Kópavogi



Samstarfsaðilar

Fjölsmiðjan á Suðurnesjum er í góðu sambandi og samstarfi við marga aðila. Helstu samstarfsaðilarnir eru félagsþjónusta Reykjanesbæjar, félagsþjónusta Suðurnesjabæjar og Voga og Vinnumálastofnun. Gott samstarf er við Fjölbrautaskóla Suðurnesja, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, Samvinnu, Björgina, Rauða krossinn og fleiri aðila. Forstöðumenn Fjölsmiðjanna á landinu hafa með sér óformlegt samstarf. Reglulega fáum við gesti frá áhugasömum aðilum sem vinna á þessu sviði og vilja kynna sér hvernig við berum okkur að og sjá hvernig Fjölsmiðjan virkar.

Helstu styrktaraðilar Fjölsmiðjunnar á Suðurnesjum eru Vinnumálastofnun, Reykjanesbær, Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Suðurnesjabær og Sveitarfélagið Vogar. Allir þessir aðilar leggja Fjölsmiðjunni til árlegt rekstrarfé. Stærsti einstaki styrkur sem Fjölsmiðjunni barst var frá Starfsendurhæfingarsjóði Virk að upphæð 1.000.000. Þá gaf Kvenfélag Njarðvíkur Fjölsmiðjunni vél til að ná einangrun af vírum.

Sorpeyðingarstöð Suðurnesja, Kalka hefur allt frá stofnun stutt ötullega við rekstur Fjölsmiðjunnar með því að við höfum fengið að henda gjaldfrítt hjá þeim. Þessi stuðningur er svo sannarlega mikilvægur fyrir starfsemina og alls ekki sjálfsgætur.

Samantekt

Segja má að allt innra starf Fjölsmiðjunnar gangi mjög vel. Gott verkferli er innan húss og samstarf milli allra til sóma. Það mikilvægasta í starfseminni er að skila vel undirbúnum ungmennum út í lífið til vinnu á almennum vinnumarkaði og eða til náms. Á árinu voru færri nemar en á undanförunum árum sem dvelja lengur en áður. Þá voru sjálfboðaliðar sem ekki falla inn í hefðbundin úrræði fleiri. Þessir sjálfboðaliðar eru allir með vinnureynslu sem skilar sér í betra verklagi hér innan húss. Sala í Kompunni dróst nokkuð saman miðað við undanfarin ár en á móti kom að tekjur af búslóðaflutningum jukust. Þá lofar verkefnið endurgerð húsgagna góðu og þar er allt í senn verðmætasköpun, endurvinnsla og kennsla mikilvæg. Í kjölfar stefnumótunarvinnunnar hafa áherslur breyst og stefnan er að verða skýrari. Fram kom á fundinum að Fjölsmiðjan hefur svo sannarlega sannað sig á sl. 8 árum og er mjög mikilvæg fyrir samfélagið á Suðurnesjum. Það er helst að það vanti nokkur smáverkefni sem hægt er að vinna hér innan húss þegar mæting er góð, eins og t.d. þökkunarverkefni og slíkt.

Nýr samstarfsaðili er Virk starfsendurhæfing sem frá áramótum hefur sent til okkar nema sem eru í endurhæfingu annars vegar og í vinnuprófun hins vegar.

Helsta áskorun í rekstri Fjölsmiðjunnar er að finna verkefni sem skapa tekjur til að mæta minnkandi sölu í Kompunni. Það er öllum ljóst sem til þekkja að Fjölsmiðjan er afar mikilvæg fyrir samfélagið á Suðurnesjum. Því þarf að skjóta enn betur undir hana stoðum og þróa hana áfram þannig að hún mæti sem best þörfum samfélagsins á hverjum tíma.